

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2003. **Magnús B. Jónsson, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir**

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ sem fædd voru árið 2003. Ætlunin er hér á eftir að gefa yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gera grein fyrir þeim niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 22 naut í árgangi 2003. Af þeim eru 14 þeirra undan Soldán 95010, 4 undan Túna 95024, 3 undan Punkti 94032 og 1 undan Seifi 95001. Heildarmyndin fyrir þessa dætrahópa er nokkuð breytileg og er þessi nautaárgangur ekki líkt því eins sterkur í ræktuninni og nautaárgangur 2002. Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna.

Öðlingur 03002

F: Túni 95024, M: Ítalía 198, Furubrekku, MF: Almar 90019

Mun fleiri dætur Öðlings eru tvílitir en einlitir. Algengastar eru huppóttar eða skjöldóttar. Grunnlitirnir rauður og bröndóttur eru langalgengastir. Afurðasemi dætra Öðlings er fremur góð en aðrir eiginleikar fremur slakir og í heild er Öðlingur fremur slakt naut. Dætur hans hafa frekar léttu bolbyggingu og stærð þeirra er í tæpu meðallagi. Júgurfasta og júgurdýpt er góð, júgurband slakt en spenar langir, en allvel staðsettir. Mjaltir eru slæmar en skap kúnna er gott. Öðlingur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Bani 03003

F: Soldán 95010, M: Sunneva 266, Búvöllum, MF: Daði 87003

Rauði liturinn er einkennislitur þessa dætrahóps en flesta grunnliti nema gráan gaf að líta í hópnum. Flestar eru kýrnar rauðhuppóttar eða rauðskjöldóttar. Afurðasemi dætra Bana er mikil og skila kýrnar miklu í verðefnum. Þær eru virkjamiklar en fremur grófbyggðar. Júgurgerð er í tæpu meðallagi og júgurdýpt slök. Spenar eru fremur langir, vel gerðir og staðsetning góð. Umsögn um mjaltir er breytileg og seinar mjaltir finnast en kýrnar eru skapgóðar. Bani verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Brekkann 03004

F: Punktur 94032, M: Skinna 12 Litlu Brekku, MF: Tuðdi 90023

Langflestar dætur Brekkans eru einlitir eða yfir 80 %. Rauði og bröndótti liturinn eru yfirgnæfandi þó að grunnlitir aðrir en gráu litirnir sjáist í hópnum. Afurðasemi dætra Brekkans er allgóð bæði hvað varðar afurðamagn svo og prótein og fitu. Þetta eru fremur bolgrannar og útlögulitlar kýr með breiðar og sæmilega lagaðar malir en fremur slaka fótstöðu. Júgurfasta og júgurdýpt eru í slöku meðallagi, en spenar vel lagaðir og mjög vel settir. Mjaltir eru slakar en kýrnar sérlaga skapgóðar.

Brekkann verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Birkir 03005

F: Soldán 95010, M: Rein 449 Ytri Tjörnum, MF: Kaðall 94017

Allir grunnlitir finnast í dætrahópi Birkis nema gráu litirnir. Helmingur hópsins er einlitur og algengasti tvílitur er huppóttur. Afurðasemi dætra Birkis er mjög mikil, bæði varðandi mjólkurmagn og verðefni. Þessar kýr eru fremur bolmiklar með góðar útlögur, almennt nokkuð

stórar. Malir og fótstaða er sterk. Júgurgerð er góð og júgur vel borin, spenar fremur stuttir en allvel settir. Mjaltir eru nokkuð breytilegar en að jafnaði í slöku meðaltali. Skap er í slöku meðallagi.

Birkir hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Gyllir 03007

F: Seifur 95001, M: Fluga 254 Dalbæ I, MF: Soldán 95010

Alla grunnliti nema gráu litina er að finna í þessum dætrahópi. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og eru rauðar og kolóttar kýr algengastar. Afurðasemi dætra Gyllis er góð bæði hvað varðar mjólkurmagn svo og prótein og fitu. Þessi dætrahópur er með mikla boldýpt og góðar útlögur. Malir eru fremur breiðar og jafnar en fótstaða fremur slök. Júgurgerð er mjög góð og júgur vel borin, spenar góðir og vel staðsettir. Mjaltir eru afbragðsgóðar og kýrnar mjög skapgóðar.

Gyllir er valinn besta naut í árganginum og hefur verið tekinn í framhaldsnotkun sem nautsfaðir.

Akur 03009

F: Túni 95-024, M: Nr. 154 Stóru Mörk, MF: Máni 95174

Einkennislitur systrahópsins er rauður en samt er þar alla grunnliti að finna. Meirihluti hópsins er einlitur, flestar tvílitu kýrnar eru huppóttar en þó eru allmargar hífóttar. Afurðasemi dætra Akurs er slök, þó er próteinhlutfall hátt. Þetta eru kýr með sterka yfirlínu, og vel gerðar malir og góða skrokkbyggingu. Júgurgerðin er gallalítill en júgurband veikt og spenar hæfilega langir en þykkir og fremur grófir. Mjaltir eru afbragðsgóðar en skap breytilegt.

Akur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun

Arfur 03011

F: Soldán 95010, Fenja 172, Gunnbjarnarholti, MF: Hólmur 81018

Mikill litafjölbreytileiki einkennir þennan dætrahóp. Hér eru rauður, bröndóttur og kolóttur litur allir algengir en einnig komu fram svartar kýr. Tvílitur kýr eru í meirihluta og algengasti tvílitur er skjöldóttur. Afurðasemi dætra Arfs er fremur slök en próteinhlutfall er yfir meðallagi. Þetta eru sterkbyggðar kýr með mikla boldýpt og fremur breiðar og fremur flatar malir. Júgur eru fremur illa löguð, júgurband veikt og júgurkýpt mikil. Spenar eru fremur stuttir, vel gerðir og vel settir. Mjaltir eru í slöku meðaltali en kýrnar eru skapgóðar.

Arfur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Trukkur 03012

F: Soldán 95010, M: Turbó 212, Kotlaugum, MF: Hvanni 89022

Rauðar kýr eru algengastar í þessum hópi en einnig eru bröndóttar og kolóttar kýr nokkuð algengar. Meirihluti kúnna er tvílitur og algengasti tvílitur er huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Trukks er fremur slök en efnahlutföll há. Þessar kýr eru skrokkfallegar, hafa allgóða boldýpt og útlögur en fremur grannar en vel lagaðar malir. Júgurbygging er fremur slök og júgurkýpt mikil. Spenar eru fremur langir en mjög vel lagaðir og allvel settir. Mjaltir eru slakar en kýrnar eru skapgóðar.

Trukkur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Hegri 03014

F: Soldán 95010, M: Örk 166, Hamri, MF: Almar 90019

Rauður er algengastur grunnlita í þessum hópi en flestir grunnlitirnir finnast. Ríflega helmingur dætrahópsins er einlitur og huppóttur og skjöldóttur algengustu tvílitir. Afurðasemi dætra Hegra

er mjög góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þessar kýr eru fremur bolmiklar en með fremur grófa yfirlínu. Þær hafa meðalbreiðar, fremur flatar og jafnar malir og góða fótstöðu. Júgur eru vel löguð og vel borin, spenar og spenagerð góð. Mjaltir eru í slöku meðallagi og nokkuð um mismjaltir. Kýrnar eru mjög skapgóðar.

Hegri hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Draumur 03015

F: Túni 95-024, M: Rauðanótt 222 Vorsabæ I, MF: Skutur 91026

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Algengastir eru rauður og kolóttur. Algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Draums er afbragðsgóð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni, þó er próteinhlutfall í meðallagi. Þetta eru fremur bolmiklar kýr með fremur grófa yfirlínu, góðar malir, þaklaga og góða fótstöðu. Júgurgerð er nokkuð breytileg. Spenar eru langir en allvel settir, mjaltir slakar og allmikið um mismjaltir en skap í meðallagi. Draumur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Mjöltnir 03017

F: Soldán 95010, M: Gäla 294 Ytri Skógum, MF: Trefill 96006

Hér er rauði og bröndótti liturinn mjög ráðandi í hópnum. Meirihluti kúnna er tvílitur og langalgengasti tvílitur er skjöldóttur. Afurðasemi dætra Mjöltnis er í meðallagi, þó er próteinhlutfall mjög hátt. Þetta eru grannbyggðar kýr með góða malabyggingu en fremur slaka fótstöðu. Júgurgerðin er fremur slök, spenar hæfilega langir, vel gerðir og vel staðsettir. Mjaltir eru í meðallagi en skap mjög gott.

Mjöltnir verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Vængur 03021

F: Punktur 94032, M: Óvissa 262 Miðengi, MF: Soldán 95010

Mikill litafjölbreytileiki einkennir þennan dætrahóp. Nær allar kýrnar eru tvílitar. Enginn tvílitur sker sig mjög úr en allmargar kúnna eru húfóttar eða krossóttar. Afurðasemi dætra Vængs er mjög góð bæði hvað varðar mjólk og verðefni mjólkur. Þessar kýr eru fremur bolgrannar. Malir eru fremur grannar og þaklaga og fótstaða í meðalagi. Júgurgerðin er breytileg en yfirleitt slök, spenar hæfilega langir en vel lagaðir og vel settir. Mjaltir eru fremur slakar og nokkuð um mismjaltir. Kýrnar eru mjög skapgóðar.

Vængur hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Rex 03023

F: Soldán 95010, M: Öld 177 Dýrastöðum, MF: Kolur 97814

Rauði og bröndótti liturinn eru langalgengastir. Meirihluti kúnna er einlitur en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Rex er í meðallagi góð en fituhlutfall er hátt. Þetta eru virkjamiklar og sterkbyggðar kýr. Malir eru sterkar og vel lagaðar og fótstaða góð. Júgurgerðin er í slöku meðallagi og júgurdýpt mikil. Spenar eru vel lagaðir en staðsetning breytileg. Mjaltir eru slæmar og nokkuð um mismjaltir en skap gott.

Rex verður ekki tekinn í framhaldsnotkun

Máni 03025

F: Soldán 95010, Tröð 482 Drumboddsstöðum I, MF: Stígur 97010

Flestir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi. Meirihluti dætrahópsins er einlitur og huppóttur og skjöldóttur eru algengustu tvílitir. Afurðasemi dætra Mána er góð bæði hvað varðar mjólk og

verðefni. Þessar kýr eru með góðar útlögur en eru nokkuð breytilegar að stærð og með grófa yfirlínu. Malir eru fremur breiðar, lítið eitt hallandi og lítið eitt þaklaga. Júgur eru vel borin og vel gerð, spenar hæfilega langir og vel settir. Mjaltir eru í meðallagi góðar og kýrnar skapgóðar. Máni hefur verið tekinn í framhaldsnotkun

Tópas 03027

F: Punktur 94032, M: Perla 79 Króki, MF: Búi 89017

Þessi dætrahópur einkennist af því að allir grunnlitir nema grár finnast og eru rauður og bröndóttur ráðandi. Meirihluti dætrahópsins er einlitur en flestir tvílitir finnast. Afurðasemi dætra Tópasar er afbragðsgóð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þetta eru grannbyggðar kýr, með fremur slaka yfirlínu. Malir eru grannar og mjög þaklaga, fótstaða fremur þröng og lítið eitt hokin. Júgur er vel lagað og allvel borið og júgurband sterkt. Spenar eru stuttir og vel lagaðir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en umsögn um skap í meðallagi. Tópas hefur verið tekinn í framhaldsnotkun sem nautsfaðir.

Leiknir 03028

F: Soldán 95010, Blökk 181 Hraunhálsi, MF: Negri 91002

Svarti liturinn er algengastur í þessum dætrahópi en alla grunnlitina nema gráan er þar að sjá. Um tveir þriðju hópsins er einlitar kýr og nær öll afbrigði af tvílitir finnast. Afurðasemi dætra Leiknis er mjög góð, þó er fituhlutfall fremur lágt. Þessar kýr eru boldjúpar með góðar útlögur, góða yfirlínu, malabyggingu í meðallagi og góða fótstöðu. Júgurgerð er slök, júgurdípt mikil, þó júgurband sé sterkt. Spenar eru langir og fremur grannir og staðsetning framspena breytileg. Mjaltir eru slæmar og allmikið um mismjaltir. Umsögn um skap er breytileg. Leiknir verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Finnur 03029

F: Soldán 95010, Finna 158 Móeiðarhvoli (frá Miðkoti), MF: Dúri 96023

Algengasti litur hjá þessum kúm er rauður og bröndóttur en einnig finnast aðrir grunnlitir. Um helmingur hópsins er einlitur en algengustu tvílitir eru huppóttur og skjöldóttur. Afurðasemi dætra Finns er mjög góð, einkum hvað varðar verðefni. Þessar kýr eru fremur stórar með mikið bolrými og útlögur en nokkuð grófbyggðar, með góða fótstöðu. Júgurgerð er í slöku meðallagi og allt of mikið ber á síðjúgra kúm. Spenar eru fremur langir, vel lagaðir, en staðsetning framspena mjög breytileg. Mjaltir eru mjög góðar og kýrnar skapgóðar. Finnur hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Hvinur 03032

F: Soldán 95010, Fjóla 437 Hríshóli, MF: Óli-Búi 97107

Rauður eða bröndóttur litur er algengastur hjá þessum kúm og aðra grunnliti er vart að finna. Ríflega helmingur hópsins er tvílitur og finnast flestir tvílitir. Afurðasemi dætra Hvins er fremur slök hvað varðar mjólkurmagn, efnahlutföll í meðallagi. Kýrnar eru yfirleitt fremur stórar með góða boldýpt og útlögur en fremur grófa yfirlínu. Malabygging er sterk og fótstaða mjög góð. Júgurfasta og júgurband er gott en júgur tæplega nógu vel borið. Spenar eru ívið of langir en vel gerðir og vel settir. Mjaltir eru slæmar en kýrnar eru mjög skapgóðar. Hvinur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Skandall 03034

F: Soldán 95010, M: Tígla 94 Nýjabæ II, MF: Óli 88002

Þessar kýr eru langflestar annað tveggja rauðar eða bröndóttar. Mun fleiri eru tvílitar og algengastar eru huppóttar og skjöldóttar. Afurðasemi dætra Skandals er afbragðsgóð hvað varðar afurðamagn og prótein en síðri hvað varðar fitu. Þessar kýr eru yfirleitt í meðallagi stórar, fremur grannbyggðar. Þær hafa fremur breiðar þokkalega lagaðar malir og góða fótstöðu. Júgur eru allvel gerð en júgurdípt of mikil. Spenar eru hæfilega langir, vel gerðir en framspenar of gleitt settir. Mjaltir eru slæmar og skap undir meðallagi.

Skandall hefur verið tekinn í framhaldsnotkun.

Brunnur 03036

F: Túni 95-024, Ljóma 121 Efri Brunná, MF: Búi 89017

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en algengastir eru rauður og bröndóttur. Um helmingur hópsins er einlitur en algengustu tvílitir eru skjöldóttur, huppóttur eða leistöttur. Afurðasemi dætra Brunns er góð bæði fyrir mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru fremur fínlegar og grannbyggðar kýr með sterka fótstöðu. Júgur er yfirleitt mjög vel borið, júgurfasta mjög góð og júgurband sterkt. Spenar eru fremur grannir en vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og kýrnar skapgóðar.

Brunnur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Depill 03037

F: Soldán 95010, M: Sjöfn 172 Hjarðarfelli, MF: Krossi 91032

Allir grunnlitir finnast í þessum dætrahópi en algengastir eru rauður og bröndóttur. Flestar kýrnar eru tvílitar og flestar þeirra skjöldóttar. Afurðasemi dætra Depils er góð bæði er varðar mjólkurmagn og verðefni. Þetta eru sterkbyggðar kýr með góða boldýpt og útlögur, allgóða malabyggingu og góða fótstöðu. Júgur eru vel löguð, júgurfasta góð og spenar vel lagaðir. Mjaltir eru slæmar. Skap kúnna er mjög gott.

Depill verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.

Skarpur 03041

F: Soldán 95010, M: Skörp 309 Egilsstaðakoti (frá Litla Ármóti), MF: Almar 90019

Alla grunnliti má sjá í þessum dætrahópi. Flestar kýrnar eru tvílitar og öll afbrigði tvílita koma fyrir. Afurðasemi dætra Skarps er mjög góð bæði hvað varðar afurðamagn og verðefni. Þessar kýr eru sterkbyggðar, boldjúpar með fremur sterka yfirlínu. Malir eru fremur grannar, lítið eitt þaklaga en fótstaða góð. Júgurgerð er slök og júgurband veikt, spenar vel lagaðir en framspenar gleitt settir. Mjaltir eru slakar en skap í meðallagi.

Skarpur verður ekki tekinn í framhaldsnotkun.